



Lög Ungmennafélagsins Aftureldingar Mosfellsbæ

1. grein. **Heiti og markmið.**

Félagið heitir Ungmennafélagið Afturelding, skammstafað UMFA. Heimili þess og varnarþing er í Mosfellsbæ. Afturelding er íþróttafélag og markmið þess er að vera í fremstu röð í íþrótt- og uppeldisstarfi og tryggja iðkendum, starfsmönnum og sjálfboðaliðum fyrsta flokks aðstöðu, þjálfun og umgjörð. Enn fremur að efla samkennd með virkri þátttöku í starfi félagsins.

2. grein. **Merki og búningur.**

Merki félagsins og búningum er lýst í reglugerð sem aðalfundur þarf að samþykkja. Ákvarðanir um nánari útfærslu búningamála tekur formannafundur á grundvelli reglugerðarinnar.

3. grein. **Aðild að heildarsamtökum.**

Félagið er aðili að UMSK, UMFÍ, ÍSÍ og sérsamböndum þess, eftir því sem við á hverju sinni.

4. grein. **Félagar.**

Félagi er iðkandi, þjálfari, foreldri iðkenda að þess ósk, heiðursfélagar og/eða virkur sjálfboðaliði í félaginu sem virðir lög, reglugerðir og siðareglur félagsins. Þá getur hver sá orðið félagi sem óskar þess og samþykkir að taka á sig þær skyldur er því fylgja og felast í því að virða lög, reglugerðir og siðareglur félagsins og greiða félagsgjöld, ákveði aðalfundur að leggja þau á.

Aðalfundur getur að tillögu stjórnar útnefnt heiðursfélaga í viðurkenningarskyni fyrir störf sín í þágu félagsins samkvæmt reglugerð þar um.

5. grein. **Félagsgjöld.**

Aðalfundur ákveður félagsgjöld. Útfærsla þeirra er sett með reglugerð aðalstjórnar.

6. grein.
Félagatal.

Aðalstjórn skal halda skrá yfir félagsmenn og iðkendur sem skal endurskoðuð a.m.k. árlega. Sérhver deild félagsins skal halda skrá yfir sína félagsmenn og iðkendur.

7. grein.
Aðalfundur félagsins, fundartími og boðun.

Aðalfundur félagsins fer með æðsta vald og ákvörðunarrétt í öllum málefnum félagsins.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 15. maí ár hvert. Fundarboð skal auglýsa opinberlega með þriggja vikna fyrirvara, svo sem með auglýsingu á heimasíðu félagsins og í húsakynnum þess.

Frestur til að leggja inn framboð til stjórnarsetu og tillögur að lagabreytingum skal vera minnst tveimur vikum fyrir aðalfund. Framboðum og tillögum skal skila til framkvæmdastjóra. Aðalfundurinn telst lögmætur, ef löglega er til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar og upplýsingar um tillögur og mál sem leggja á fyrir á aðalfundi, skulu auglýst á heimasíðu félagsins ásamt áminningu um aðalfund eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

8. grein.
Dagskrá aðalfundar.

1. Fundarsetning.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Formaður félagsins gerir grein fyrir starfsemi aðalstjórnar á liðnu starfsári.
4. Gjaldkeri félagsins leggur fram til samþykktar og gerir grein fyrir reikningum félagsins fyrir liðið starfsár sem samþykktir hafa verið af kjörnum skoðunarmönnum reikninga.
5. Fjárhagsáætlun félagsins lögð fram til samþykktar.
6. Lagabreytingar.
7. Heiðursviðurkenningar.
8. Kosningar:
 - a) Kosinn formaður til eins árs.
 - b) Kosnir tveir stjórnarmenn til tveggja ára í senn.
 - c) Kosinn einn varamaður til tveggja ára í senn.
 - d) Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
 - e) Kosinn einn skoðunarmaður reikninga deilda.
9. Önnur mál.
10. Fundarslit.

9. grein.

Kjörgengi og atkvæðisréttur á aðalfundi félagsins.

Allir félagar 18 ára og eldri hafa kjörgengi til stjórnarstarfa á aðalfundi. Málfrelsi og tillögurétt hafa allir félagar. Launaðir starfsmenn á skrifstofu félags eða deildar eru ekki kjörgengir til stjórnarstarfa og sami einstaklingur getur ekki setið samtímis í stjórn félagsins og stjórn ráða og deilda. Atkvæðarétt á aðalfundi hafa félagar samkvæmt 4.gr laganna, 18 ára og eldri og skráðir félagsmenn við boðun aðalfundar.

10. grein.

Atkvæðagreiðslur á aðalfundi félagsins.

Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála, nema þegar um lagabreytingar er að ræða, þá þarf samþykki 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

11. grein.

Aukaaðalfundur félagsins.

Aukaaðalfundur félagsins má halda ef aðalstjórn álitur þess þörf eða ef 30 félagar óska þess til umræðu um málefni félagsins. Aukaaðalfundur er lögmaður ef til hans er boðað samkvæmt ákvæðum 6. gr. þessara laga. Aukaaðalfundur hefur sama vald og aðalfundur, nema hvað varðar lagabreytingar og kosningar til stjórnar, sem eru bundnar við aðalfund. Þó er heimilt að kjósa stjórn í þeim tilvikum sem stjórn verður óstarfhæf.

12. grein.

Aðalstjórn.

Aðalstjórn starfar í umboði aðalfundar og ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins og samræmingu í starfi deilda. Hana skipa fimm einstaklingar, formaður og fjórir meðstjórnendur, og tveir varamenn. Formaður er kjörinn sérstaklega til eins árs og 2 meðstjórnendur ásamt einum varamanni kjörnir tvö ár í senn á víxl.

Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og er verkaskipting meðstjórnenda eftirfarandi: varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Formaður boðar fundi í aðalstjórn þegar hann telur þess þörf eða ef einn stjórnarmaður óskar þess. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála í aðalstjórn. Stjórnarfundir eru löglegir ef meirihluti aðalstjórnar er mættur.

13. grein.

Verkefni aðalstjórnar.

Aðalstjórn félagsins ber að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Hún hefur umráðarétt yfir eignum félagsins og markar stefnu þess á milli aðalfunda. Aðalstjórn skipar alla trúnaðarmenn félagsins í nefndir og ráð innan íþróttahreyfingarinnar sem félagið er aðili að. Þá skipar aðalstjórn fulltrúa á öll þing sem félagið á fulltrúa á. Aðalstjórn er heimilt að skipa nefndir til ákveðinna verkefna enda starfi þær á vegum aðalstjórnar og á hennar ábyrgð.

Aðalstjórn setur reglur um fjárreiður og meðferð fjármuna, hefur eftirlit með fjárhag deilda og annarra starfseininga félagsins og gerir samstæðureikning fyrir félagið sem yfirfarnir eru af skoðunarmönnum félagsins.

Aðalstjórn annast samskipti félagsins við stjórnvöld og önnur samtök með mál sem varða félagið allt þ.m.t. fjármál og aðstöðumál. Aðalstjórn hefur heimild til að ráða framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn aðalstjórnar félagsins. Framkvæmdarstjóri og starfsmenn framkvæma ákvarðanir aðalstjórnar og framkvæmdastjóri stýrir skrifstofu félagsins. Þeir skulu í starfi sínu kappkosta að hafa samráð við deildir félagsins og aðstoða þær eftir föngum í starfi sínu.

14. grein.

Formannafundir.

Halda skal sameiginlega fundi aðalstjórnar og formanna deilda eða fulltrúa þeirra, eftir því sem þurfa þykir að ósk aðalstjórnar og/eða formanna deilda, þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á ári. Verkefni þessara funda er að samræma starfsemi félagsins og vera aðalstjórn til ráðgjafar um málefni félagsins. Fulltrúar deilda gefa yfirlit yfir starfsemi sinna deilda á formannafundum. Fjárskuldbindingar aðalstjórnar utan fjárhagsáætlunar skulu lagðar fyrir til samþykktar á formannafundi. Jafn atkvæðisréttur, málfrelsi og tillögufrelsi er á formannafundum.

15. grein.

Deildir.

Hver deild skal hafa stjórn og starfa samkvæmt sérstakri reglugerð sem samþykkt er af aðalstjórn félagsins. Einungis er keppt í greinum samþykktara deilda. Í lok hvers starfsárs skal stjórn deildar gera samantekt um hið markverðasta sem síðan skal tekið inn í sameiginlega ársskýrslu félagsins.

Aðalfundir deilda hafa æðsta vald og ákvörðunarrétt í innri málefnum deilda. Stjórnir deilda annast framkvæmd ákvarðana aðalfunda félags og deilda og daglegan rekstur deilda í samráði við aðalstjórn.

16. grein

Stofnun nýrra deilda.

Eftirfarandi deildir starfa innan félagsins :

- Badmintondeild.
- Blakdeild.
- Fimleikadeild.
- Frjálsíþróttadeild.
- Handknattleiksdeild.
- Hjóladeild.
- Karatedeild.
- Knattspyrnudeild.
- Körfuknattleiksdeild.
- Sunddeild.
- Taekwondodeild.

Komi fram óskir meðal félagsmanna um stofnun nýrra deilda innan félagsins skal aðalstjórn taka þær til athugunar og leggja fyrir næsta aðalfund. Samþykki aðalfundurinn stofnun nýrrar deildar skal aðalstjórn sjá um undirbúning að stofnfundi. Til útgjalda sem ekki eru samningsbundin eða leiða af samþykki aðalstjórnar félagsins má ekki stofna nema til komi samþykki aðalstjórnar. Hafi deild ekki tvö ár í röð haldið aðalfund og skilað inn fjárhagsáætlun, hefur aðalstjórn heimild til að leggja til, að hún verði lögð niður, og skal það lagt fyrir aðalfund félagsins.

17. grein. **Fjárhagur deilda.**

Hver deild innan félagsins skal hafa sérstaka stjórn og aðskilinn fjárhag. Allar meiriháttar fjárhagslegar skuldbindingar ber stjórnnum deilda að leggja fyrir aðalstjórn til samþykktar. Með meiri háttar skuldbindingum er átt við þær, sem eru umfram 250.000 krónur á ársgrundvelli. Þeir félagsmenn (fulltrúar deilda) sem stofna til fjárhagslegra skuldbindinga félagsins án samráðs og formlegrar samþykktar aðalstjórnar bera persónulega ábyrgð á greiðslum þeirra gagnvart félaginu.

1. Stjórnir deilda skulu skila fjárhagsáætlun ár hvert í samráði við aðalstjórn og skrifstofu félagsins þar sem fram kemur nákvæmt yfirlit yfir tekjur og gjöld fyrir hvern mánuð næsta starfsárs. Gera skal aðalstjórn nákvæma grein fyrir fjárhagsáætlunum sem staðfestir þær eða gerir athugasemdir.
2. Deildir sem skulda um áramót skulu vinna að áætlun um niðurgreiðslu í samstarfi við aðalstjórn og skrifstofu.
3. Aðalstjórn hefur eftirlit með útgjöldum deilda og gætir þess að þau séu í samræmi við fjárhagsáætlun. Til þess hafa framkvæmdastjóri og gjaldkeri aðalstjórnar aðgengi að öllum bankaviðskiptum og bókhaldi deilda.
4. Bókhald allra deilda skal vera í höndum aðalstjórnar.
5. Gjaldkeri aðalstjórnar og kjörinn skoðunarmaður reikninga eru ábyrgir fyrir skoðun á reikningum og uppgjörum allra deilda.

18. grein. **Æfingagjöld- og skráning iðkenda.**

Forráðamenn iðkenda eru ábyrgir fyrir skráningu iðkenda og greiðslu æfingagjalda. Þar sem iðkandi hefur náð 18 ára aldri þá ber hann sjálfur ábyrgð á skráningu og greiðslu æfingagjalda.

Skal það gert í upphafi hvers námskeiðs, í skráningar- og greiðslukerfi Aftureldingar. Umsjón með skráningu og innheimtu æfingagjalda er hjá deildum og skal aðalstjórn og skrifstofa félagsins hafa eftirlit með og samræma skráningu og innheimtu á milli deilda. Aðalstjórn hefur heimild til þess að skilgreina frávik og/eða afslætti með reglugerð.

19. grein. **Fjárafánir.**

Tilkynna skal fjárafánir til íþróttafulltrúa félagsins áður en þær hefjast. Íþróttafulltrúi heldur skrá yfir allar fjárafánir á vegum félagsins og leitast við að samræma þær.

20. grein.

Viðurkenning, heiðursmerki.

Aðalstjórn veitir viðurkenningu fyrir íþróttaárangur eða störf í þágu félagsins eða íþróttahreyfingarinnar samkvæmt sérstakri reglugerð sem samþykkt er á aðalfundi félagsins.

21. grein.

Reikningsár.

Reikningsár skal miðað við almanaksárið.

22. grein.

Eignir.

Allar eignir og búnaður, hvort sem til þeirra er stofnað af aðalstjórn eða stjórnnum deilda eru eignir félagsins. Hætti deild starfsemi skal stjórn deildarinnar afhenda aðalstjórn félagsins eignir hennar.

23. grein.

Viðurlög.

Brjóti félagsmaður gegn lögum félagsins, reglugerðum, siðareglum eða komi fram með þeim hætti að til álitshnekkis sé fyrir félagið og markmiðum þess, getur aðalstjórn ákveðið að víkja viðkomandi úr félaginu. Fjórir af fimm stjórnarmönnum aðalstjórnar verða að samþykkja brottvikninguna. Aðalstjórn er skylt að boða hinn brotlega á sinn fund áður en ákvörðun er tekin og gefa honum kost á að skýra mál sitt og koma að andmælum. Skjóta má ákvörðun aðalstjórnar um brottvikningu félagsmanns úr félaginu til næsta aðalfundar félagsins. Ef meira en 3 mánuðir eru í að aðalfundur verði haldinn skal halda aukaaðalfund ef brottvikinn félagsmaður óskar þess.

24. grein.

Úrsagnir.

Úrsagnir úr félaginu skal senda skriflega til aðalstjórnar.

25. grein.

Lagabreytingar.

Lögum þessum má ekki breyta nema á aðalfundi félagsins og þarf til þess samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna, sbr. 10. grein. Tillögur til lagabreytinga skulu kynntar félagsmönnum minnst viku fyrir aðalfund á heimasíðu félagsins.

26. grein.

Gildistaka.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi þann 30. apríl 2025 og öðlast gildi að fenginni staðfestingu UMSK og ÍSÍ. Jafnframt eru úr gildi felld öll eldri lög félagsins.

Lög staðfest af ÍSÍ og UMSK 26. júní 2025.